

Hokinsdalur

Á sýslumörkunum við Langanestá gleðja augað margbreytilegir klettur og stórir drangar þar sem mætast land og haf. Fremst á nestánni, þar sem vitinn stendur, er þverhnipt berg ofan við fjöruna. Fram úr því norðanverðu gengur mikil klettabrík, 10–15 metrar á hæð en svo þunn að þar má sitja klofvega. Í bríkina hefur svarrandi brim sorfið stórt gat niðri við fjöruborðið og heitir það Selamannagat.¹ Sjálf er klettabríkin nefnd Selamannagatklettur.² Héðan sér vítt um allan Arnarfjörð og hér biðu veiðimennirnir á fyrri tíð og skyggndust um, þegar von var á selavöðum.³ Oftast reru menn af stað er vaðan kom í sjónmál en hitt kom þó fyrir að hleypt væri á selinn í gegnum gatið.⁴

Örfáum metrum sunnan við Langanestá er hellismunni skammt frá fjöruborði. Sagt er að á „reykjaröldinni“ hafi maður sem sakaður var um galdra falið sig þar uns hann náði að komast í skip.⁵ Skjól-gott er sunnan við tána og heitir þar Sæluhöfn. Oft var farið um Arnarfjörð á litlum kænum og í stórviðrum mun margur hafa þóst hólpinn að komast þar í var.

Nafnið Langanes er gamalt⁶ en á fyrri tíð var nesið stundum nefnt Sauðanes⁷ og fremsti hluti þess Arnarnes.⁸ Sjálf fjallsgnípan ofan við Langanestá heitir Langanestrumba.⁹ Í sjávardröngunum við nestána gerði „fluglakóngurinn assa“ sér hreiður á hverju ári um langt skeið¹⁰ og hér hrapaði séra Guðmundur Skúlason á Rafnseyri til bana vorið 1623 er hann reyndi að nálgast arnarhreiðrið.¹¹ Örskammt frá nestánni er skerið Geirmóður¹² en nokkru innar, um það bil miðja vega milli táarinnar og áróssins í Hokinsdal, eru nokkrir klettabásar við sjóinn og heitir einn þeirra Djöflabás.¹³ Í þjóðsögum er hermt að þar hafi lengi borið á reimleikum af völdum tveggja Mosdælinga sem fóru að slást er þeir voru á heimleið frá Bíldudal, hvolfdu undir sér bátnum og drukknuðu.¹⁴

Frá Langanestá er aðeins tíu til fimmtán mínútna gangur að ósi

¹ ÖÖ.

² Sama heimild.

³ ÞN 1951, 163 (Árbók F.Í.).

⁴ LKr 1980, 401.

⁵ Vestf. þjóðs. II, 2., 99–100.

⁶ Ísl. fornrit I, 176–177.

⁷ Sóknalýs. Vestfj. II, 16.

⁸ Sama heimild, I, 256.

⁹ ÞN 1951, 163.

¹⁰ Sóknalýs. Vestfj. II, 16.

¹¹ Sama heimild. Sbr. Ísl. æviskrár II, 182–183.

¹² ÖÖ.

¹³ ÞN 1951, 163.

¹⁴ Sama heimild. Vestf. sagnir II, 197–200.

Hokinsdalsár. Bærinn í Hokinsdal stóð hins vegar lengra frá sjó en önnur býli í Auðkúluhreppi og er hálf tíma gangur frá vörinni innan við ósinn fram að bænum. Bæjarstæðið er í um það bil 100 metra hæð yfir sjó¹⁵ en fáir bæir á Vestfjörðum standa svo hátt. Hokinsdalur var eina bújörðin í samnefndum dal og fór í eyði árið 1959 en aftur var búið hér í tvö ár, frá 1977 til 1979.¹⁶ Hjáleiga var hér í tóninu á 17. öld og hét Helgahús¹⁷ en mun einnig hafa verið nefnd Bláskógar.¹⁸ Þar var búið fram undir 1690 en þá var kotið lagt undir heimajörðina.¹⁹ Þaðan í frá var hér tvíbýli um langt skeið og stundum þrúbýli.²⁰ Að fornu mati var Hokinsdalur 24 hundraða jörð.²¹ Hér eru góðir sumarhagar og fjörubeit var talin „í skárri lagi“. ²²Helsti kostur jarðarinnar var þó góð slægjulönd.²³ Þetta er „veðrajörð af austnorðri“ og þótti „óhæg til kirkjuferða“. ²⁴Landsþjöll af skriðum voru líka til baga.²⁵

Fyrsti eigandi Hokinsdals sem um er kunnugt var Jón Björnsson danur á Rafnseyri, sem andaðist árið 1508, en hann var launsonur Björns hirðstjóra Þorleifssonar á Skarði á Skarðsströnd.²⁶ Drjúgan hluta af eignum Jóns dans erfði systursonur hans, Björn Guðnason í Ögri.²⁷ Óljóst er þó hvort hann muni hafa eignast Hokinsdal en fullvíst aftur á móti að jörðin var árið 1576 í eigu dóttursonar Björns, Eggerts lögmans Hannessonar í Saurbæ á Rauðasandi.²⁸ Eigandi Hokinsdals árið 1658 var Guðrún Henriksdóttir²⁹ dótturdótturdóttir nýnefnds Eggerts lögmans.³⁰ Síðar á sautjándu öldinni átti Jón Þorláksson, sýslumaður í Múlapingi, jörð þessa um skeið³¹ en um 1700 var Hokinsdalur kominn í eigu séra Halldórs Pálssonar í Selárdal, sem átti hér tíu hundruð, og Einars Gunnlaugssonar, lögréttumans á Hreggstöðum á Barðaströnd, sem átti hinn jarðarpartinn.³² Landskuld af þeim 14 hundruðum sem Einar átti var þá fjórar vættir,³³ það er fjögur

¹⁵ ÞTh 1919, 9.

¹⁶ Firðir og fólk 1900-1999, 108.

¹⁷ Jb. Á. og P. VII, 4.

¹⁸ Rtk. Jarðab. V. 16, Ísafjs. 1805.

¹⁹ Jb. Á. og P. VII, 3-4.

²⁰ Sama heimild. Manntöl 1703, 1762, 1801, 1816 og 1845.

²¹ Jb. Á. og P. VII, 3-4.

²² Sama heimild.

²³ Sóknalýs. Vestfj. II, 32.

²⁴ Sama heimild.

²⁵ Sama heimild.

²⁶ D.I. VI, 534-535. Ísl. æviskrár III, 72-73.

²⁷ AS 1975, 299-300. D.I. IX, 57-58.

²⁸ Jarðabréf frá 16. og 17. öld. Útdrættir (Kph. 1993), bls. 103-104.

²⁹ Lbs. 797 4to. Jarðaskrá úr Ísafjs. frá árinu 1658.

³⁰ Ísl. æviskrár III, 172, 431 og II, 348.

³¹ Jarðabréf frá 16. og 17. öld. Útdrættir, bls. 173 og 282. Alpb. Ísl. VIII, 143.

³² Sömu Jarðabréf, bls. 173. Lbs. 797 4to. Jarðaskrá úr Ísafjs. frá árinu 1695. Jb. Á. og P. XIII, 215-216 og VII, 3-4. Sbr. Lögrmtal, bls. 106.

³³ Jb. Á. og P. XIII, 215-216.

ærverð, og var stundum greidd „í fríðum kindum en stundum í vaðmálskorni og sléttum peningum“.³⁴ Á 18. og 19. öld var Hokinsdalur oft í sjálfsábúð að einhverju eða öllu leyti³⁵ og svo var enn árið 1901.³⁶

Á síðari hluta 16. aldar bjó hér maður að nafni Jón Gudduson og er hann fyrsti bóndinn í Hokinsdal sem unnt er að nefna með nafni. Honum seldi Eggert lögmaður Hannesson gamalt naut árið 1570 og átti Jón að greiða fyrir það með „sex vætta gildi í fiski og lýsi“.³⁷ Árið 1710 voru hér tveir bæir, annar á gamla bæjarstæðinu og hinn þar sem hjáleigan hafði verið.³⁸ Báðir stóðu þeir í sama túninu og var stutt á milli.³⁹

Árið 1736 fluttist hingað sextugur prestur frá Söndum í Dýrafirði, Jón Þórðarson að nafni, en hann var um svipað leyti dæmdur frá prestskap fyrir að verða ofurölvi í miðri messu (sjá Sandar). Var hann brauðlaus þaðan í frá og átti jafnan heima hér í Hokinsdal uns hann andaðist nær áttræður árið 1755.⁴⁰ Séra Jón var tengdasonur Einars Gunnlaugssonar lögréttumanns á Hreggstöðum⁴¹ sem átt hafði 14 hundruð í Hokinsdal og má vera að hinn hrösuli prestur hafi átt part úr jörðinni er hann settist hér að. Hann var á efri árum nefndur Jón „dettir“ eða Jón „hoki“.⁴²

Um miðja 19. öld bjó hér Ólafur Guðmundsson sem að sögn var kallaður „loðinn“, sagður „fjölunnugur og ójafnaðarmaður hinn mesti“.⁴³ Hann var frá Horni í Mosdal, fæddur 1802 eða því sem næst,⁴⁴ og andaðist árið 1855.⁴⁵ Ólafur „loðinn“ átti í nokkrum útistöðum við nafna sinn, Ólaf Jónsson, bónda á Auðkúlu, og beittu þeir að sögn göldrum til að fyrirkoma hvor annars búfénaði.⁴⁶

Næsti bær við Hokinsdal er Steinanes í Suðurfjörðum. Milli bæjanna er aðeins tæplega klukkutíma gangur yfir lágan háls. Frá Steinanesi kom Þorleifur Jónsson sem var bóndi í Hokinsdal á árunum 1877–1899. Hann var sonur Jóns Jónssonar „skipherra“ á Steinanesi og konu hans, Margrétar Sigurðardóttur frá Rafnseyri, en hún var systir Jóns Sigurðssonar forseta. Margrét fluttist að Hokinsdal með syni sínum og

³⁴ Jb. Á. og P. XIII, 215–216.

³⁵ Manntal 1762. Rtk. Jarðabækur V. 16, Ísafjs. 1805. JJ 1847, 190.

³⁶ Manntal 1901 og fylgiskjöl.

³⁷ D.I. XV, 475 og 523–524.

³⁸ Jb. Á. og P. VII, 3–4.

³⁹ Sama heimild.

⁴⁰ Ísl. æviskrár III, 307.

⁴¹ Sama heimild.

⁴² Sama heimild.

⁴³ Vestf. sagnir III, 256.

⁴⁴ Manntöl 1816 og 1845 og nafnlyklar þeirra.

⁴⁵ Prþjb. Rafnseyrar.

⁴⁶ Vestf. sagnir III, 256–259.

tengdadóttur árið 1877 og andaðist hér 17. desember 1888.⁴⁷ Árið 1911 átti Þorleifur enn heima í Hokinsdal og sótti á því ári Rafnseyrarhátíðina sem haldin var til að minnast þess að hundrað ár voru liðin frá fæðingu Jóns forseta.⁴⁸ Á hátíðinni var Þorleifur nánasti ættingi forsetans.⁴⁹

Úr Hokinsdal liggur leiðin með sjó fyrir Skarðanúp, fjall sem skilur að Hokinsdal og Mosdal. Vegalengdin frá bæjarhólnum í Hokinsdal að Laugabóli í Mosdal er sjö kílómetrar eða því sem næst. Úr fjörunni undir Skarðanúp blasir við augum dálítið sker í um það bil 700 metra fjarlægð frá landi. Það heitir Gíslasker og er kennt við sjálfan Gísla Súrsson.⁵⁰ Í hinni yngri gerð af sögu hans er Gísli sagður hafa kastað steini úr fjörunni í skerid er hann fór hér hjá á leið sinni úr Haukadal í útlegðina í Geirþjófsfirði.⁵¹ Slíkt er þó á einskis manns færi í heimi raunveruleikans. Í sléttum sjó fer Gíslasker aldrei í kaf en stundum hverfur það í hafrótið þegar sær er úfinn. Sé horft frá Brimnesi innan við Hokinsdal á Gíslasker er Auðkúla beint á móti, handan fjarðarins, og Rafnseyri aðeins innar en hér er fjörðurinn þrjár til fjórir kílómetrar á breidd. Framan í Skarðanúp eru þrjár gjótur og heitir sú sem við komum síðast að Skarðagjóta eða Svartagjóta. Hún er rétt fyrir innan Brimnes og við hana eru landamerkin.⁵²

⁴⁷ Þrþjb. og smt. Rafnseyrar og Otradals.

⁴⁸ LKr 1955, 32–33.

⁴⁹ Sama heimild.

⁵⁰ Sóknalýs. Vestfj. II, 25.

⁵¹ Ísl. fornrit VI, 66. Sbr. þar BKP bls. xlviii.

⁵² ÖÖ.